

Alþingi
Erindi nr. P/132/2000
komudagur 3.5.2006

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02.05.2006

Efni: Umsögn um 740. mál, heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisgjald


Landssambandi kúabænda hefur borist til umsagnar “Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum”.

Vegna þessa vill LK koma eftirfarandi á framfæri:

Landssamband kúabænda leggur áherslu á að frumvarpið, ef samþykkt verður, leiði ekki til aukins kostnaðar við opinbert eftirlit hjá sláturleyfishöfum. Tryggt verði að inni í eftirlitsgjaldi sem sláturleyfishafar greiða, verði einvörðungu eðlilegur og sannanlegur kostnaður vegna nauðsynlegs eftirlits. Þá verði kostnaði vegna sýnatöku ekki velt yfir á einstaka framleiðendur.

Að öðru leyti tekur Landssamband kúabænda undir sjónarmið sem fram koma í umsögn Bændasamtaka Íslands.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssambands kúabænda



Baldur Helgi Benjamínsson
Framkvæmdastjóri